

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/501****2019/EES/15/27****frá 22. mars 2018****um viðurkenningu á Soldánsveldinu Óman samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna***(tilkynnt með númeri C(2018) 1640) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarksþjálfun sjómanna <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt tilskipun 2008/106/EB geta aðildarríkin ákveðið að viðurkenna, með áritun, viðeigandi skírteini eða sérstök hæfnisskírteini farmanna, sem þriðju lönd gefa út, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin viðurkenni viðkomandi þriðja land. Þriðju löndin verða að uppfylla allar kröfur samþykktar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW-samþykktin).
- 2) Holland fór fram á það bréflaga, 19. ágúst 2015, að Soldánsveldið Óman yrði viðurkennt. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þeirrar beiðni, haft samband við yfirvöld í Óman í því skyni að meta kerfi þeirra um menntun, þjálfun og útgáfu skírteina til þess að ganga úr skugga um hvort Soldánsveldið Óman fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Útskýrt var að matið myndi byggjast á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu eiga að annast (Siglingaöryggisstofnunin).
- 3) Skoðunin var framkvæmd í ágúst 2016 og þar voru tilgreind nokkur atriði sem yfirvöld í Óman þurfa að taka tillit til með tilhlýðilegum hætti, þ.m.t. annmarkar að því er varðar verklagsreglur um gæðastjórnun, viðurkenningu á námi og þjálfunarnámskeiðum sem og starfsemi alþjóðlegs sjómannaskóli í Óman (IMCO). Í janúar 2017 lögðu yfirvöld í Óman fram valfrjálsa áætlun um aðgerðir til úrbóta.
- 4) Í kjölfar niðurstaðna úr skoðun og á grunni valfrjálsu áætlunarinnar um aðgerð til úrbóta lagði framkvæmdastjórnin mat á kerfi Ómans um menntun, þjálfun og útgáfu skírteina. Í maí 2017 sendi framkvæmdastjórnin yfirvöldum í Óman matsskýrslu þar sem ályktað er að tekist hafi að ráða bót á öllum annmörkunum með valfrjálsu áætluninni um aðgerð til úrbóta, að undanskildum tveimur annmörkum í tengslum við aðferð við viðurkenningu á þjálfunaráætlun alþjóðlega sjómannaskólans í Óman og lok uppbyggingar öryggisþjálfunaraðstöðu í sömu menntastofnun.
- 5) Í júlí 2017 lögðu yfirvöld í Óman fram áframhaldandi aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þessum annmörkum.
- 6) Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga hefur framkvæmdastjórnin dregið þá ályktun að yfirvöld í Óman hafi gripið til ráðstafana til að færa kerfi sitt um menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til samræmis við kröfur STCW-samþykktarinnar.
- 7) Lokaniðurstaða matsins sýnir að Soldánsveldið Óman uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar og hefur ráðið bót á þeim annmörkum sem tilgreindir voru og á sama tíma hafa yfirvöld í Óman gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.
- 8) Aðildarríkin fengu skýrslu um niðurstöður matsins.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 82, 26.3.2018, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Soldánsveldið Óman hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir menntun og þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. mars 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Violeta BULC

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_